



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 127/367
komudagur 5.12.2001

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	5. desember 2001	A-8 SP/bb

Vísað er til erindis heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis dags. 20. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar um framvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229. mál. Markmiðið með frumvarpinu er að bæta þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein. M.a. er hlutverk stöðvarinnar skilgreint nánar og lagt til að fagrað komi í stað stjórnar, mælt fyrir um heimildir til gjaldtöku o.fl.

Eins og frá er greint í almennum athugasemdum með frumvarpinu gerði Ríkisendurskoðun á sínum tíma ýmsar athugasemdir við starfsemi Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Lutu þær m.a. að stjórn félagsins, skipan hennar og vinnubrögðum, stefnumótun o.fl. Að mati Ríkisendurskoðunar felur ofangreint frumvarp í sér eðlilegar og tímabærar breytingar á lögbundnum verkefnum og skipulagi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og er hún af þeim sökum meðmælt því að frumvarpið nái fram að ganga.